

Grímsnes-og Grafningshreppur
Stella Rúnarsdóttir
Borg
801 Selfoss

Reykjavík, 20. maí 2022
UST202204-091/A.B.
10.04.02

Efni: Tillaga - Aðalskipulag Grímsnes- og Grafningshrepps 2020 - 2032 - heildarendurskoðun

Vísað er til erindis skipulagsfulltrúa Grímsnes- og Grafningshrepps er barst 8. apríl sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um tillögu að heildarendurskoðun á aðalskipulagi Grímsnes- og Grafningshrepps 2020 – 2032.

Umhverfisstofnun bendir á að stofnunin veitti umsögn á kynningartíma 30. ágúst 2021. Umhverfisstofnun hefur farið yfir ofangreinda tillögu og gerir eftirfarandi athugasemdir.

Flokkar friðlýstra svæða

Í kafla 7.1 er talið upp hvað telst til friðlýstra svæða. Umhverfisstofnun vill vekja athygli á að náttúruvinjar í hafi, fólkvangar og friðlýsing svæða í verndarflokki verndar- og orkunýtingaráætlunar falla einnig undir flokka friðlýstra svæða.

Votlendi og loftlagsmál

Votlendi hafa margvísleg gildi, vatnsfræðilegt gildi: Í miklum rigningum taka votlendissvæði til sín vatn en miðla því frá sér í þurrkatíð. Þannig viðhalda votlendissvæði jöfnu rennsli í ám og lækjum sem er mikilvægt fyrir þær lífverur sem þar búa. Næringarfræðilegt gildi: Mýrar geyma verulegt magn kolefna sem verða til við niðurbrot jurtaeifa. Breytingar á t.d. hitastigi og vatnsborði mýra geta valdið aukinni losun kolefnis sem getur haft áhrif á heimsvísu. Vistfræðilegt gildi: Votlendi er mikilvægt búsvæði fugla og plantna og fjölmargar tegundir byggja tilvist sína á því. Votlendi getur þannig aukið verulega líffræðilega fjölbreytni viðkomandi landsvæðis.¹

Umhverfisstofnun vill benda á aðgerðaáætlun íslenskra stjórnvalda í loftslagsmálum sem er hugsuð sem tæki sem stjórnvöld geta notað til að draga úr notkun gróðurhúsalofttegunda á Íslandi til að tryggja að Ísland nái markmiðum Parísarsamningsins og kolefnishlutleysi árið 2040. Markmið aðgerðaáætlunarinnar er m.a. að vernda og endurheimta votlendi.

Votlendi fellur einnig undir 61. gr. náttúruverndarlaga nr. 60/2013 um þau vistkerfi sem njóta sérstakrar verndar. Í kafla 8.3 í forsendum tillögunnar er fjallað um þær jarðmyndanir og vistkerfi sem njóta sérstakrar verndar.

¹ <https://ust.is/nattura/natturuverndarsvaedi/ramsarsvaedi/um-votlendi/>

Í 61. gr. laganna er kveðið á um sérstaka vernd þeirra vistkerfa og jarðminja sem taldar eru upp í 1. mgr. og 2. mgr. sama ákvæðis. Samkvæmt 3. mgr. ákvæðisins ber að forðast röskun þeirra náttúruyfyrirbæra, sem undir greinina falla, nema brýna nauðsyn beri til og ljóst að aðrir kostir séu ekki fyrir hendi. Í greinargerð með frumvarpi til laga um náttúruvernd er með orðalaginu „brýn nauðsyn“ lögð áhersla á að einungis mjög ríkir hagsmunir geti réttlætt röskun og þá fyrst og fremst brýnir almannahagsmunir.

Umhverfisstofnun bendir á að ef tillagan gerir ráð fyrir röskun á votlendi þurfi að rökstyðja þá ákvörðun og gera grein fyrir öðrum kostum sem skoðaðir hafa verið sem mögulegir valkostir við útfærslu framkvæmdarinnar og ástæðum þess að þeir urðu ekki fyrir valinu.

Takmarkanir á landnotkun

Umhverfisstofnun bendir á að samkvæmt 6.3. gr. skipulagsreglugerðar nr. 90/2013 er skylt að tilgreina í aðalskipulagi þau svæði þar sem sérstakar aðstæður kalla á takmarkanir á landnotkun, mannvirkjagerð eða umgengni.

Setja skal almenn skipulagsákvæði eða skilmála til að framfylgja stefnu um takmarkanir á landnotkun í hverjum flokki og sértæk ákvæði eða skilmála eftir þörfum fyrir hvert svæði sem takmarkanir gilda um vegna verndarákvæða. Ákvæði og skilmálar skulu fela í sér nauðsynlegar takmarkanir til að bregðast við þeim sérstöku aðstæðum sem á svæðinu ríkja, svo sem á mannvirkjagerð, umgengni og landnotkun.

Þessi svæði eru m.a. svæði á landi og í sjó sem eru friðlýst eða njóta verndar samkvæmt lögum, þ.e. náttúruvætti (sérstæðar náttúrumyndanir), friðlönd, þjóðgarðar og fólkvangar.

Auk þess eru það svæði, svo sem jarðmyndanir og vistkerfi, sem njóta sérstakrar verndar skv. 61. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd.

Á sveitarfélagsupprætti eru skilgreind varúðarsvæði, hverfisverndarsvæði og hluti svæða sem falla undir aðrar náttúruminjar á náttúruminjaskrá sem hafa takmarkandi landnotkun. Umhverfisstofnun bendir á mikilvægi þess að jarðmyndanir og vistkerfi, sem njóta sérstakrar verndar skv. 61. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd séu sýnd á sveitarfélagsupprætti eða á þemaupprætti.

Frístundabyggð

Stefna sveitarfélagsins er að frístundabyggð verði utan svæða sem mikilvægt er að vernda vegna náttúrufars og telur Umhverfisstofnun þá stefnu vera jákvæða og tekur undir hana. Hins vegar eru fjölmörg frístundasvæði sem eru innan mikilvægra verndarsvæða vegna náttúru, eins og hverfisverndarsvæða, svæða á náttúruminjaskrá, votlendis- og hraunasvæða sem falla undir sérstaka vernd náttúruverndarlaga (sem fjallað var um hér að ofan). Þó svo að eldri svæði séu minnkuð töluvert með tilliti til mikilvægra gróðurvistgerða, einkum votlendis, þá eru fjölmargar frístundabyggðir innan votlendissvæða sem falla undir sérstaka vernd náttúruverndarlaga, m.a. á reitum F5, F8b, F9 F10, F12, F16, F17, F18, F19, F20, F34 og F48. Umhverfisstofnun telur áhrif stefnunnar vegna uppbyggingar frístundabyggðar á votlendi þar af leiðandi neikvæða.

Umhverfisstofnun bendir einnig á að frístundabyggð þekur stóran hluta þess hraunlendis innan sveitarfélagsins sem fellur undir 61. gr. náttúruverndarlaga.

Auk þess bendir stofnunin á að votlendi, sem fellur undir 61. gr. náttúruverndarlaga, nýtur ekki sérstakrar verndar vegna þess að það er illa byggilegt, heldur vegna þess að votlendi getur verið mikilvægt búsvæði fugla, smádyra og plantna, eins og fjallað var um hér að ofan.

Umhverfisstofnun bendir á mikilvægi þess að tillagan taki tillit til náttúruverndarlaga nr. 60/2013 varðandi staðsetningu og afmörkun frístundabyggðar.

Gönguleiðir og útivist

Umhverfisstofnun bendir á að auka mætti skilgreindum gönguleiðum, þá sérstaklega austan megin og í Grímsnesinu, til að hvetja íbúa til útivistar og auka aðgengi að náttúrunni. Skilgreina mætti t.d. gönguleiðir að vötnum, meðfram ám og á Hestfjall og Mosfell. Engar gönguleiðir eru skilgreindar í og við þéttbýlisstaðina Borg og Sólheima, en mikilvægt er að bæta úr því.

Iðnaðarsvæði

Í tillögunni er gert ráð fyrir nýju iðnaðarsvæði í landi Króks (I20) og stækkun á iðnaðarsvæði Nesjavallavirkjunar (I1).

Varðandi staðsetningu vill Umhverfisstofnun vekja athygli á að sveitarfélagið er að skilgreina iðnaðarsvæði sem er staðsett við svæði sem eru viðkvæm og skilgreind með hátt náttúruverndargildi og því mikilvægt að tekið sé tillit til þeirra við gerð umhverfismats. Þetta eru hverfisverndarsvæðið *Hengilssvæðið* (HV4) sem er á náttúruminjaskrá og *Grændalur* sem er á tillögu Náttúrufræðistofnunar Íslands að B-hluta náttúruminjaskrár. Auk þess er Reykjadalur í friðlýsingarferli hjá Umhverfisstofnun.

Auk þess vill stofnunin vekja athygli á því að Bitra og Grændalur eru svæði sem falla í verndarflokk verndar- og orkunýtingaráætlunar sem skal friðlýsa gagnvart orkuvinnslu á grundvelli 53. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd og sbr. ályktun Alþingis nr. 13/141, frá 14. janúar 2013.

Umhverfisstofnun vill vekja athygli á að stofnunin veitti umsögn varðandi matsskyldufyrirspurn vegna jarðvarmanýtingar í landi Króks til Skipulagsstofnunar 17. maí árið 2021.

Landgræðsla

Í greinargerð kemur fram að við skipulag skógræktar verði hugað að því að vernda landslag, mikilvægar vistgerðir og ásýnd svæða og að skógur vaxi ekki fyrir góða útsýnisstaði. Umhverfisstofnun bendir á mikilvægi þess að tekið sé tillit til verndar vistkerfa og jarðminja sem falla undir 61. gr. náttúruverndarlaga þegar landgræðslusvæði eru staðsett og farið er í landgræðslu. Umhverfisstofnun bendir á að svæði SL1 mun raska Nesjahrauni og votlendi sem falla undir 61. gr. náttúruverndarlaga. Auk þess liggur svæði SL9 að svæði á náttúruminjaskrá sem er verndað vegna fuglalífs og votlendis.

Umhverfisstofnun vill benda á að skógræktarsvæði SL22 er farið að hafa áhrif á ásýnd Kersins sem er á náttúruminjaskrá og þar af leiðandi á verndargildi þess. En í greinargerð segir að Kerið og Tjarnarhólar hafi mjög hátt verndargildi vegna ósnortins hrauns, einstakra jarðmyndana, landslagsgerða og náttúrufyrirbæra. Því er mikilvægt að mati stofnunarinnar að afmörkun skógræktarsvæðisins sé endurskoðað.

Efnistaka

Í greinargerð segir að landeiganda er heimilt að vinna allt að 5000 m³ á um 0,5 ha landi til eigin nota án framkvæmdaleyfis, sbr. einnig kafla 3.2.9 um stakar framkvæmdir.

Umhverfisstofnun bendir á mikilvægi þess að í tillöggunni komi fram að í 13. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 segir um framkvæmdaleyfi: „Þó er eiganda eða umráðamanni eignarlands heimil án leyfis minni háttar efnistaka til eigin nota nema um sé að ræða náttúruverndarsvæði eða jarðminjar eða vistkerfi sem njóta verndar skv. 61. gr. laga um náttúruvernd.“

Umhverfisstofnun bendir á að mikilvægt er að skilgreina hvað átt er við með orðalaginu til eigin nota og hvernig sveitarfélagið hyggst framfylgja stefnunni, þá sérstaklega varðandi efnistöku á verndarsvæðum. Auk þess er það mat stofnunarinnar að 5000 m³ á 0,5 ha landi sé töluverð efnistaka.

Stakar framkvæmdir

Umhverfisstofnun bendir á að litlar virkjanir geti haft veruleg neikvæð umhverfisáhrif í för með sér líkt og vatnsaflsvirkjanir þar sem rask vegna framkvæmda getur verið mikið þó svo að umfang virkjunar sé talið lítið. Í því felst að gert sé ráð fyrir stíflu, miðlunarlóni, lögnum, vegagerð og stöðvarhúsi sem mikilvægt er að sjá sem eina samþætta framkvæmd að mati stofnunarinnar. Auk þess er það mat stofnunarinnar að mikilvægt sé að skoða ekki einungis stærð, afl og umfang virkjana heldur einnig umhverfisáhrif á ólíkum svæðum með mismunandi verndargildi.

Umhverfisstofnun bendir á mikilvægi þess að settir séu skýrir skilmálar um að stakar framkvæmdir rýri ekki verndargildi svæða.

Umhverfisstofnun vill vekja athygli á að í greinargerð er talað um vatnsaflsvirkjanir, ásamt allt að 20 m² aðstöðuhúsi, lögnum og vegi að virkjuninni, allt að 200 kW að stærð, en síðar segir að heimilt er að reisa smávirkanir allt að 2 MW. Í greinargerð segir að vindrafstöðvar geti verið allt að 20 m háar miðað við miðju hverfils og uppsett afl allt að 0,5 MW, en í umhverfismatskýrslu er talað um allt að 1 MW.

Loftgæði

Stofnunin vill benda á áætlun stjórnvalda um loftgæði sem nefnist *Hreint loft til framtíðar - áætlun um loftgæði á Íslandi 2018-2029* þar sem markmiðið er að stuðla að loftgæðum og heilnæmu umhverfi.

Áætlunin, sem gefin var út árið 2017, hefur það að meginmarkmiði „að stuðla að loftgæðum og heilnæmu umhverfi“ en leiðarljós áætlunarinnar er: „að almenningur á Íslandi búi við hreint og heilnæmt andrúmsloft og að komandi kynslóðir megi njóta sömu eða betri loftgæða og þær sem nú byggja landið.“

Loftslagsstefna

Umhverfisstofnun vill einnig benda á að í c. lið. 5. gr. laga nr. 70/2012 um loftslagsmál segir að sveitarfélög skulu setja sér loftslagsstefnu þar sem stefnan skal innihalda skilgreind markmið um samdrátt í losun gróðurhúsalofttegunda og kolefnisjöfnun starfseminnar ásamt aðgerðum svo að þeim markmiðum verði náð.

Úrgangur

Umhverfisstofnun bendir á að umhverfisráðherra gaf út, í júní 2021, nýja stefnu í úrgangsmálum sem nefnist *Í átt að hringrásarhagkerfi*. Umhverfisstofnun bendir á að bann við urðun alls lífbrjótanlegs úrgangs er aðgerð nr. 16 í stefnunni sem áætlað er að taki gildi fyrir árslok 2024.

Umhverfisstofnun bendir á að þann 1. janúar 2023 tekur gildi breyting á lögum nr. 103/2021 um breytingu á m.a. lögum um meðhöndlun úrgangs, sem er hluti innleiðingar á ofangreindri stefnu ráðherra í úrgangsmálum. Meðal annars verður sveitarfélögum skylt að koma upp sérstakri söfnun og flokkun á fleiri tegundum heimilisúrgangs. Í þéttbýli skal söfnun fara fram innan lóðar á pappír og pappa, plasti og lífúrgangi en söfnun á gleri, málmum og textíl má fara fram á grenndarstöðvum og söfnun spilliefna í nærumhverfi íbúa. Rekstraraðilum verður skylt að flokka sinn úrgang með sama hætti, auk þess sem skylt verður að flokka byggingar og niðurrifsúrgang í a.m.k. sjö efnisflokkka. Þar að auki verður sveitarfélögum skylt að innheimta gjald sem næst raunkostnaði fyrir meðhöndlun úrgangs, svo sem með því að miða við magn úrgangs, gerð hans, losunartíðni eða aðra þætti. Umhverfisstofnun telur mikilvægt að skipulagsáætlanir sveitarfélagsins samræmist stefnu ráðherra í úrgangsmálum og þeirra lagabreytinga sem munu taka gildi á næstu misserum.

Umhverfisstofnun bendir á að í greinargerð segir að unnið verði að frekari flokkun og endurvinnslu sorps. Umhverfisstofnun bendir á að skv. lögum um meðhöndlun úrgangs er sorp skilgreint sem samheiti heimilisúrgangs. Úrgangur er víðtækt hugtak og nær einnig yfir rekstrarúrgang, m.a. byggingar- og niðurrifsúrgang. Því telur stofnunin réttara að tala um úrgang í stað sorps í þessu samhengi.

Úrgangsmál og fiskeldi

Umhverfisstofnun telur mikinn umhverfisávinning felast í því að minnka magn lífræns efnis í urðun og tekur fram að næringargildi efnisins er talsvert og því hentugt til endurnýtingar. Stofnunin hefur unnið leiðbeiningar² til aðila í fiskeldi á landi um endurnýtingarmöguleika fastefna/sets úr frárennsli í stað þess að farga því með urðun.

Umhverfisstofnun bendir á mikilvægi þess að tekið sé mið af ofangreindum þáttum í tillögunni.

Stjórn vatnamála

Í greinargerð um forsendur í kafla 8.6 er umfjöllun um vatnsverndarsvæði en Umhverfisstofnun vill benda á mikilvægi þess að sveitarfélagið samræmi skipulagsáætlunina við nýja vatnaáætlun. Fyrsta vatnaáætlun Íslands var staðfest í apríl sl. á grunni laga nr. 36/2011 um stjórn vatnamála. Markmið laganna er að vernda allt vatn (yfirborðsvatn og grunnvatn) og vistkerfi þess, hindra frekari rýrnun vatnsgæða og bæta ástand vatnavistkerfa til þess að vatn njóti heildstæðrar verndar. Jafnframt er lögunum ætlað að stuðla að sjálfbærri nýtingu vatns, sem og langtímavernd vatnsauðlindarinnar.

² https://ust.is/library/Skrar/Atvinnulif/Mengandi-starfsemi/Lei%c3%b0beiningaskjal_fraveitu_og_fastefnismedhondlun_2020.pdf

Öll vatnshlot eiga að vera í a.m.k. góðu vistfræðilegu ástandi og góðu efnafræðilegu ástandi og hafa góða magnstöðu. Samkvæmt lögnum má ástand vatnshlota ekki rýrna. Gerist slíkt þarf að setja fram aðgerðir til að draga úr álagi á vatnshlotið með það að markmiði að bæta ástandið.

Umhverfisstofnun bendir á að í 28. gr. laga nr. 36/2011 um stjórn vatnamála, þar sem fjallað er um réttaráhrif vatnaáætlunar, segir að opinberar áætlanir á vegum stjórnvalda, svo sem vegna skipulagsmála, náttúruverndar, orkunýtingar og samgangna, skuli vera í samræmi við þá stefnumörkun um vatnsvernd sem fram kemur í vatnaáætlun. Við endurskoðun eða breytingu skipulagsáætlunar sveitarfélags skal, þegar við á, samræma skipulagsáætlunina vatnaáætlun innan sex ára frá staðfestingu vatnaáætlunar.

Varðandi umhverfisþáttinn Land (tafla 14 í Forsendum og umhverfismatskýrslu) bendir Umhverfisstofnun á að hér mætti bæta við umfjöllun um heimsmarkmið 6 sem snýr að verndun vatns og vatnsgæða og tryggja fullnægjandi fráveituhreinsun.

Í greinargerðum með aðalskipulagi er bent á sérstæði Þingvallavatns sem Umhverfisstofnun tekur undir og ítrekar mikilvægi þess að viðhalda góðu ástandi þess. Í kafla 7.6 í greinargerð er fjallað um vatnsvernd skv. reglugerð nr. 796/1999. Umhverfisstofnun vill benda á að skilgreining og flokkun vatnshlota fer í dag fram samkvæmt lögum nr. 36/2011 um stjórn vatnamála og ástand vatns, aðgerðir og vöktun vatns sett fram í vatnaáætlun, í stað fyrrnefndrar reglugerðar.

Á skipulagssvæði sveitarfélagsins hefur álag á vatn verið metið og voru niðurstöður um slíkt settar fram í stöðuskýrslu fyrir vatnasvæði Íslands árið 2013 og uppfærðar í vatnaáætlun.³ Á skipulagssvæðinu eru tvö vatnshlot, Þingvallavatn (104-2232-L) og grunnvatnshlotið Nesjahraun (104-250-1-G) skilgreind í óvissu um að ná umhverfismarkmiðum sínum. Þingvallavatn er ekki í hættu vegna efnafræðilegs ástands en enn í óvissu um niðurstöður vöktunar á vistfræðilegum gæðapáttum liggja fyrir og ástand þess hefur verið metið. Vatnshlotið Nesjahraun er í óvissu vegna efnamengunar úr affallsvatni jarðvarmavirkjunar og vegna hitaáhrifa þess. Vöktunaráætlun⁴ í samræmi við kröfur stjórnar vatnamála hefur verið innleidd og fylgst verður með ástandi vatnsins. Umhverfisstofnun bendir á að sveitarfélagið ber ábyrgð á fráveitumálum og ljóst hefur verið um nokkurt skeið að þörf er á úrbótum og þá sérstaklega við Þingvallavatn. Umhverfisstofnun hvetur sveitarfélagið til að setja fram aðgerðir til úrbóta sem fyrst í samráði við Heilbrigðiseftirlit Suðurlands. Þess má einnig geta að eftirlitið hefur gefið út sértækar leiðbeiningar um fráveitulausnir við Þingvallavatn⁵ sem fara á eftir.

Fráveita

Í greinargerð um forsendur (bls. 35) er mikilvægt að fjallað sé ítarlegar um stöðu fráveitumála í sveitarfélaginu, t.d. hvort fráveita uppfylli kröfur reglugerðar nr. 798/1999

³ [http://vatn.is/library/sida/haf-og-vatn/Vatna%20a1%20a6tlun%202022-2027%20-%20Copy%20\(1\).pdf](http://vatn.is/library/sida/haf-og-vatn/Vatna%20a1%20a6tlun%202022-2027%20-%20Copy%20(1).pdf)

⁴ https://ust.is/library/sida/haf-og-vatn/V%20C3%B6ktunar%20A1%20A6tlun%20fyrir%20C3%9Eingvallavatn%202019%20-%202024_loka%20BAtg%20A1fa_18_mars_2021.pdf

⁵ <https://hsl.is/frettir/leidbeiningar-hsl-um-fraveitur-a-verndarsvaedi-thingvallavats/>

um fráveitur og skólp á Borg og Sólheimum eða hvað gert er við seyruna sem safnast á svæðinu.

Stofnunin bendir einnig á að skv. 3. mgr. 13. gr. í reglugerð um fráveitur og skólp skulu einstaka hús, sem ekki eru tengd fráveitukerfi sveitarfélags, vera með tveggja þrepa hreinsun (rotþró og siturbeð/annars konar hreinsivirki). Rotþró ein og sér er ekki fullnægjandi hreinsun.

Umhverfisstofnun bendir einnig á mikilvægi þess að sveitarfélagið skoði möguleg áhrif loftslagsbreytinga á sveitarfélagið í heild sinni. Þess má geta að líklegt er að úrkoma aukist og úrkomuákefð einnig sem gera þarf ráð fyrir í fráveitukerfum. Við uppbyggingu nýrra hverfa ætti að leggja áherslu á að aðskilja ofanvatns- og skólplagnir til að draga úr álagi á hreinsistöðina. Slíkar ráðstafanir ættu að vera mun hagkvæmari fyrir sveitarfélagið heldur en að færa allt vatnið í eina hreinsistöð.

Í kafla 2.1 og 6.5 greinargerðar um framtíðarstefnu eru að mati stofnunarinnar jákvæð atriði varðandi aðskilnað skólps og ofanvatns.

Í kafla 3.1.1 undir almenna skilmála mætti bæta yfirborðsvatni við upptalningu um mengun jarðvegs eða grunnvatns.

Í töflu 15 er líklega vísað í rangt númer í texta um iðnaðarsvæði fyrir fráveitu (I9). Einnig vantar líklega umfjöllun um að svæðin fyrir hreinsivirki fara úr því að vera eitt í tvö. Gert er ráð fyrir fráveitu á tveimur svæðum, skv. uppdrætti af þéttbýlinu, þ.e. nr. I14 og I15. Í töflu 23 eru tvö iðnaðarsvæði skilgreind fyrir hreinsivirki.

Í töflu 23 passa númer ekki saman við þéttbýlisuppdráttinn (I17 og I18). Núverandi fráveita er á svæði neðan byggðar í Sólheimum.

Í kafla 6.5 um fráveitu segir að tryggja skuli aðgengi að rotþróum til tæmingar og að förgun/nýting úrgangs verði fullnægjandi og í samræmi við kröfur heilbrigðiseftirlits. Umhverfisstofnun vekur athygli á að stutt er í bann við urðun lífræns úrgangs og því ætti sveitarfélagið að fara að vinna í því að nýta seyruna sem safnast úr fráveitu í stað þess að hún verði urðuð.

Þess má geta að Sólheimar voru fyrsta og eru eina byggðin á Íslandi sem hefur gert tilraun með að hreinsa fráveituvatn með tilbúnu votlendi. Niðurstöðurnar voru góðar en verkefninu var ekki haldið við. Þar sem minni þéttbýli eru gætu slíkar lausnir verið hagkvæmari og sjálfbærari fyrir sveitarfélög.

Mengaður jarðvegur

Umhverfisstofnun bendir á að samkvæmt 13. gr. reglugerðar nr. 1400/2020 um mengaðan jarðveg skulu sveitarfélög taka mið af skrá yfir svæði þar sem er mengaður jarðvegur eða þar sem grunur er um mengun, sbr. 11. gr., við gerð skipulags. Stofnunin vinnur nú að skránni en bendir á að sveitarfélagið skal samkvæmt reglugerðinni taka mið af svæðunum sem grunur er um mengun.

Pauleldi

Í greinargerð (bls. 18) segir að lyktarmengandi starfsemi, s.s. eldishús alifugla, loðdýra og svína skuli staðsett í a.m.k. 250 m fjarlægð frá annarri byggð. Staðsetningu eldishúsa skuli skoða í hverju tilfelli fyrir sig og meta m.a. út frá áætluðum fjölda dýra, ríkjandi

vindátt og náttúrufræðilegum aðstæðum. Umhverfisstofnun bendir á að í skipulagsáætluninni er hægt að vísa í 6. gr. reglugerðar nr. 520/2015 um eldihús alifugla og svína þar sem fjallað er um fjarlægðir.

Vindorkuver

Í tillögunni er gert ráð fyrir varúðarsvæði fyrir vindorkuver á Mosfellsheiði þar sem gert er ráð fyrir allt að 20 vindmyllum þar sem spaðahæð er allt að 200 m. Umhverfisstofnun vill vekja athygli á að stofnunin veitti umsögn varðandi tillögu að matsáætlun vegna fyrirhugaðs vindorkuvers til Skipulagsstofnunar dags. 16. október 2020. Að mati Umhverfisstofnunar er ljóst að framkvæmdin mun hafa veruleg áhrif á ásýnd svæðisins og vera einkennandi í landslagi heiðarinnar. Vindmyllurnar verða líklegast sýnilegar á stóru svæði, m.a. frá Þingvöllum og höfuðborgarsvæðinu. Í leiðbeiningariti Skipulagsstofnunar, sem nefnist *Um skipulag og vindorkunýtingu*⁶, segir að *í allt að 16 km fjarlægð séu vindmyllur mjög áberandi og geti verið ráðandi í landslagi*.

Umhverfisstofnun vill vekja athygli á að um 12-15 km eru frá varúðarsvæðinu að Hakinu á Þingvöllum.

Umhverfisstofnun bendir á mikilvægi þess að í tillögunni sé fjallað um umhverfisáhrif vindorkuversins á óbyggð víðerni, ferðamennsku og efnistökusvæði og hvernig förgun og frágangi verði háttáð á vindrafstöðvum að líftíma loknum.

Umhverfisstofnun bendir á að í nágrenni varúðarsvæðis fyrir vindorkuver eru svæði sem njóta verndar, m.a. þjóðgarður á Þingvöllum, fólkvangur í Bláfjöllum, fólkvangur í Bringum og svæði á náttúruminjasrá og mikilvægt er að mati stofnunarinnar að vindorkulundurinn rýri ekki verndargildi þessara svæða.

Virðingarfyllst,

Axel Benediktsson
sérfræðingur

Agnes Þorkelsdóttir
sérfræðingur

⁶ <https://www.skipulag.is/media/pdf-skjol/Um-skipulag-og-vindorkunyttingu.pdf>